

57

Bráðabirgðaaákvæði.

17. apríl Við álagning tekju- og eignarskatts árið 1944 skulu gilda ákvæði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 17. apríl 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

58

18. apríl

REGLUGERÐ

fyrir rafveitu Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Súðavíkurhreppur tekur einkaleyfi á framleiðslu og sölu rafmagns til ljósa, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Einkaleyfið nær yfir það svæði, er raftaugar hreppsins koma til með að ná yfir. Þó er íshúsinu Frosta h.f., sem nú þegar hefur rafstöð, heimilt að framleiða rafmagn til eigin nota við starfrækslu íshússins.

2. gr.

Hreppurinn selur hverjum sem vill rafmagn innan þessa svæðis meðan orka leyfir. Stærð rafals verður 10 kílóvött, og verður hann drifinn með vélaafli.

3. gr.

Stjórn rafveitunnar hefur hreppsnefnd Súðavíkurhrepps. Hún ræður stöðvarstjóra og hefur eftirlit með störfum hans. Reikningar rafveitunnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem hreppsnefnd kys til eins árs í senn. Reikningsár rafveitunnar skal vera það sama og hreppsins.

4. gr.

Reksturstími rafveitunnar er frá byrjun september til aprílloka, og verða ljós kveikt kl. 8 að morgni og slökkt kl. 11 að kvöldi. Stöðin verður ekki í gangi þann tíma dags, sem lesbjart er í húsum um getið tímabil. Þurfi einhver að fá ljós á öðrum tíma, en um getur hér að framan skal það veitt, en aðeins gegn auka borgun.

5. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmu allt að 35 metra. Það, sem fram yfir er, kostar húseigandi. Séu sérstakir örðugleikar við lagningu húsálma, getur rafveitan krafizt endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því leiðir, en ef svo stendur á skal gera hlutaðeigandi aðvart um það fyrirfram. Raflagnir á bryggju og aðra staði, þar sem þeim er hætt við skemmdum, verða eigi lagðar nema á kostnað hlutaðeiganda.

6. gr.

Rafmagnið verður selt eftir mælum eða gegn samningum ef henta þykir. Hlutaðeigandi verður sjálfur að kaupa mæli. Skylt er rafveitunni að rannsaka á sinn kostnað, hvort mælar séu réttir, og einnig er stöðvarstjóra heimilt að láta athuga mæla svo oft, sem honum þurfa þykir. Einnig skal taka til greina beiðnir ljósnotanda í þessu sambandi, ef álitid er að þær séu á rökum byggðar.

7. gr.

Allar lagnir og annað innanhúss skal sett upp á kostnað húseiganda, einnig allar aðgerðir á eldri lögnum. Verk þetta skal vera framkvæmt af rafvirkja, sem hreppsnefndin tekur gildan.

8. gr.

Enginn má aðhafast neitt það, er valdið gæti skemmdum eða truflun á raftaugum eða öðrum tækjum rafveitunar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Enginn má heldur hafa orku úr taugum rafveitunnar, nema hafa fengið leyfi hreppsnefndar. Brjóti nokkur gegn ákvæðum þessum, skal hann greiða fullar skaðabætur, samkvæmt dómi óvilhallra manna, sem sýslumaður Norður-Ísafjarðarsýslu útnefnir.

9. gr.

Hverjum rafmagnsnotenda ber skylda til að sjá um það eftir mætti, að raftæki hans séu í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust tilkynna stöðvarstjóra það.

10. gr.

Starfsmanni rafveitunnar eða öðrum, sem hreppsnefnd fær til þess, skal heimill aðgangur að raflögnum og áhöldum, sem eru í sambandi við taugar rafveitunnar til þess að rannsaka að allt sé í lagi.

11. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir hreppsnefndar, skal stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu sé brýn ástæða til. Notandi ber fulla ábyrgð á afleiðingum, sem af vanrækslu hans kunna að stafa.

12. gr.

Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar skal leita úrskurðar sýslumanns.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000.00 krónum nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.